

Nemendaráð Naustaskóla

1. fundur skólaárið 2010-2011

Dagsetning: 2. nóvember 2010

Mættir; Hrannar Þór og Tumi Hrafn 8.b, Brynjar 7.b., Ugly 6.b., Freyr 5.b. og Bjarney Guðrún 4.b. ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

1. **Lög Nemendafélags / starfsreglur nemendaráðs.** Farið yfir hugmynd að lögum fyrir Nemendafélag Naustaskóla sem jafnframt virka sem starfsreglur fyrir nemendaráð og kveða m.a. á um hlutverk nemendaráðs, hvernig kjör fer fram, hvernig verkaskiptingu er háttað o.s.frv. Nokkrar breytingar gerðar, t.d. varðandi verkaskiptingu, og reglurnar síðan samþykktar.
2. **Verkaskipting.** Hrannar Þór er formaður þar sem hann hlaut fleiri atkvæði af fulltrúum 8. bekkjar, Tumi Hrafn er varaformaður. Um eftirtalin hlutverk voru greidd atkvæði og urðu úrslit þannig:
Ritari – Ugly.
Fulltrúar í skólaráði – Hrannar og Tumi
3. **Félagsmál nemenda.** Rætt um félagsmál, fram kom að á vegum félagsmiðstöðvarinnar Tróju stendur til að hefja "miðstigsopnanir" í Naustaskóla frá og með ármótum. Nemendur kalla eftir auknu félagsstarfi, bæði fleiri böllum og eins bekkjarkvöldum. Fyrsta ball vetrarins verður væntanlega haldið í næstu viku. Skólastjóri mun ýta eftir bekkjakvöldum í samráði við foreldrafulltrúa. Fram kom spurning um hvort Naustaskóli geti fengið sér kvöld í Rósenborg. Það mál þarf að athuga..
4. **Ýmis mál.**
 - a. Sjoppa. Rætt um sjoppumál, betur rætt síðar.
 - b. Hugmyndir um uppákomur, t.d. "nemendadag" þar sem nemendaráð myndi skipuleggja daginn, "meðhúfudag" o.fl. Nánar rætt á næsta fundi.

Ágúst ritaði fundargerð á fyrsta fundi.